

Harkins og Edwards gegn Bretlandi

Dómur frá 17. janúar 2012

Mál nr. 9146/07 og 32650/07

3.gr. Bann við pyndingum

Framsal. Dauðarefsing. Ævilangt fangelsi.

1. Málsatvik

Kærendur eru Philip Harkins, breskur ríkisborgari, fæddur árið 1978, og Joshua Daniel Edwards, bandarískur ríkisborgari, fæddur 1987. Þeir voru ákærðir í Bandaríkjunum fyrir ýmis afbrot, m.a. manndráp á árunum 2000 og 2006. Harkins var sakaður, ásamt öðrum manni, um að hafa valdið dauða manns við ránstílaun. Edwards var sakaður um að hafa skotið að tveimur mönnum og banað öðrum þeirra. Kærendur voru báðir handteknir í Bretlandi á árunum 2003 og 2007. Bandarísk yfirvöld kröfðust framsals þeirra frá Bretlandi og gáfu fyrirheit um að þeir yrðu ekki dæmdir til dauða fyrir afbrot sín, heldur væri möguleg hámarksrefsing þeirra ævilangt fangelsi. Í júní 2006 og júní 2007 samþykktu bresk yfirvöld framsal kærenda til Bandaríkjanna. Þeir báru mál sín undir dómstóla í Bretlandi og töldu að framsal þeirra til Bandaríkjanna, og möguleg dauðarefsing eða ævilangt fangelsi þar, fæli í sér brot gegn 3. gr. mannréttindasáttmálans. Breskir dómstólar tóku kröfur þeirra ekki til greina. Eftir að þeir skutu málum sínum til mannréttindadómstólsins samþykktu dómstóllinn kröfur þeirra, um að framsali þeirra yrði frestað á grundvelli 39. gr. starfsreglna dómstólsins þar til dómur gengju í málunum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að framsal þeirra til Bandaríkjanna fæli í sér raunverulega hættu á að þeir yrðu dæmdir til dauðarefsingar sem fæli í sér brot gegn 3. gr. sáttmálans. Þeir töldu einnig að dómur um ævilangt fangelsi yrði að teljast brot gegn 3. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að yfirlýsing bandarískra stjórnvalda til þeirra bresku um að kærendur ættu ekki yfir höfði sér dauðarefsingu yrðu þeir framseldir, yrði að teljast nægjanlega skýr til þess að útiloka að dauðarefsingu yrði beitt í máli þeirra. Þá var enn fremur vísað til þeirrar ríku hefðar sem lýðræði, mannréttindi og réttarríkið hefðu í bandarísku stjórnkerfi. Því taldi dómstóllinn að 3. gr. sáttmálans kæmi ekki til álita að því er dauðarefsingu varðaði. Í máli Harkin var dómstóllinn ekki sannfærður um að ævilangt fangelsi væri í ósamræmi við glæp hans. Hann hefði verið orðinn 18 ára þegar verknaðurinn var framinn, hefði ekki talist þjást af geðsjúkdómum og hann hefði banað manni við ránstílaun. Enn fremur hefði hann enn ekki hlotið dóm, og þó að lífstíðardómur yrði niðurstaðan í máli hans, gæti slík niðurstaða talist réttlætanleg. Þá taldi dómstóllinn að ríkisstjóri og náðunarnefnd í Flórídariki í Bandaríkjunum hefðu vald til þess að stytta mögulegan dóm hans um ævilangt fangelsi. Í máli Edwards taldi dómstóllinn að það væri á valdi dómara að ákvarða hvort hann yrði dæmdur í ævilangt fangelsi. Slíkur dómur yrði aðeins kveðinn upp eftir að öll málsgögn hefðu verið metin til fullnustu og hann yrði dæmdur fyrir manndráp af ásetningi. Í ljósi atvika bryti ævilangt fangelsi ekki gegn sjónarmiðum um meðalhóf. Niðurstaða dómstólsins varð því sú að ekki hefði verið um brot gegn 3. gr. sáttmálans að ræða í tilviki kærenda.

Tveir dómur af sjö skiluðu séráliti.